

S A M Þ Y K K T

um takmörkun hundahalds í Ísafjarðarkaupstað.

1. gr.

Bannað er að hafa hunda í Ísafjarðarkaupstað nema að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- a) Hundurinn skal skráður á skrifstofu bæjarins undir eftirliti heilbrigðisfulltrúa, og þar fær eigandi hundsins afhenta merkta plötu, sem skal jafnan vera í ól um háls hundsins.
- b) Árlega skal bæjarsjóði greitt leyfisgjald fyrir þá hunda, sem undanþága er veitt fyrir. Upphæð gjaldsins ákveður bæjarstjórn fyrir eitt ár í senn. Upphæð gjaldsins skal miðuð við kostnað við eftirlit með hundum í bæjarfélaginu.
- c) Skytt er hundeiganda að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu váttryggingarfélagi. Við greiðslu árlegs leyfisgjalds skal leggja fram kvittun frá tryggingafélagi sem sýni að tryggingin sé í fullu gildi.
- d) Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi í fylgd með aðila, sem hefur fullt vald yfir honum. Eigi er leyfilegt að fara með hunda inn í sjúkra- og skólahús, matvöruverslanir eða aðra staði, þar sem matvæli eru um hönd höfð.
- e) Leyfi fyrir einstökum hundum er jafnan háð því, að þeir raski eigi ró íbúa bæjarins og séu hvorki þeim né öðrum, sem um bæninn fara, til óþæginda.
- f) Hundeiganda ber að hlíta að öðru leyti lögum og reglum, er hundahald varða (þ. á m. reglum um árlega hreinsun hunda og greiðslu hundaskatts), svo og fyrirætlum varðandi hreinlæti eða heilbrigðishætti.

Við brot á skilyrðum fyrir undanþágu til hundahalds skal fjarlægja viðkomandi hund. Skal hundinum komið fyrir, sé um að ræða minni háttar brot í fyrsta skipti. Eigandi hundsins yrði þá að leysa hann þaðan út gegn greiðslu alls kostnaðar vegna brotsins. Sé um að ræða alvarlegt brot eða ítrekuð brot, afturkallast viðkomandi undanþága til hundahalds.

Bæjarstjórn er heimilt, hvenær sem er, að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum eða öll veitt leyfi, telji hún þess þörf.

2. gr.

Hundar sem notaðir eru til búrekstrar á lögbýlum innan marka kaupstaðarins eru undanþegnir leyfisgjaldi, en eru að öðru leyti háðir ákvæðum þessarar samþykktar í hvívetna.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Ísafjarðar, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og lög nr. 7/1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 28. júlí 1975.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Ingimar Sigurðsson.